

126
29. júlí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um bókasafn Jóns Sigurðssonar.* — Í þóknanlegu brjefi frá 28. f. m. hafið þjer herra landshöfðingi skýrt frá, að þeir 39 kassar, sem hjeðan hafa verið sendir innihaldandi bækur og handritasafn Jóns sál. Sigurðssonar sjeu til bráðabirgða settir til geymslu á lopti dómkirkjunnar, og í annan stað beiðst ákvarðana um, hvernig fara eigi með safn þetta, einkum hvort það beri að afhendast stjórn stiptsbókasafnsins til að leggjast saman við þetta safn.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn, af því að safnið er keypt á kostnað hins íslenska landssjóðs, álitur rjettast, að geymt verði að kveða til fulls á um þetta efni, þangað til alþingi hefir gefizt kostur á að segja álit sitt um það, og þess vegna hefir ráðgjafanum komið til hugar að gefa bending hjer að lútandi í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1882—83. Ráðgjafinn verður því að álíta hentugast, að safnið standi í kössum þeim, er það var sent í, fyrst um sinn óhaggað á kirkjuloptinu, og eru hjeðan gjörðar ráðstafanir til að tryggja fyrir eldsvoða, á kostnað landssjóðs Íslands, bæði þetta safn og handritasafn Jóns Árnasonar, er landssjóðurinn einnig á.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 29. dag júlímánaðar þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa prófast í Húnavatnssýslu og prest að Þingeyrum síra Eirík Briem til að vera annan kennara við prestaskólann í Reykjavík.

S. d. voru cand. philol. Björn Magnússon Olsen og cand. philol. Sigurður Sigurðsson skipaðir til að vera kennarar við hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig að þeir sjeu skyldir til, ef þess er krafizt, að annast eða taka þátt í umsjónarmennskunni í tjeðum skóla.

Hinn 27. dag júlímánaðar setti landshöfðingi prestinn síra Jón Bjarnason til á eigin ábyrgð að þjóna Dvergasteins og Mjóafjarðarsófnuðum í Suður-Múlaprófastsdæmi, þangað til að breyting sú með tilliti til þessara safnaða, er gjört er ráð fyrir í 1. gr. laga 27. febrúar þ. á. um skipun prestakalla, geti komizt í kring.

Hinn 13. dag ágústánaðar setti landshöfðingi búfræðing Guttorm Vigfússon til þess að kenna búfræði við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum um skólaárið frá 1. október þ. á. til 30. september 1881.

20. ágúst var kandidat Sigurður Jensson skipaður prestur Flateyjar og Múlasafnaða í Barðastrandarprófastsdæmi, frá 1. október þ. á. að telja.

S. d. var kandidat Ólafur Ólafsson skipaður prestur Selvogs og Krísvíkursókna í Árnessprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Kjartan Einarsson skipaður prestur Húsavíkursafnaðar í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Einar Vigfússon skipaður prestur Hofs og Miklabæjarsafnaða í Skagafjarðarprófastsdæmi.

23. ágúst var presturinn á Skinnastöðum síra Stefán Sigfússon skipaður prestur Skútustaða og Reykjahlíðarsafnaða í Suðurþingeyjarprófastsdæmi, frá fardögum 1881 að telja.

PRESTAR VÍGÐIR.

Hinn 22. dag ágústánaðar voru þessir kandidatar prestvígðir:

1. Árni Þorsteinsson sem aðstoðarprestur hjá síra Jóni Austmann í Saurbæ í Eyjafirði.
2. Einar Vigfússon sem prestur Hofspinga á Höfðaströnd.
3. Kjartan Einarsson sem prestur Húsavíkurstakalls í Suðurþingeyjarprófastsdæmi.
4. Ólafur Ólafsson sem prestur Selvogsþinga í Árnessprófastsdæmi.
5. Sigurður Jensson sem prestur Flateyjarprestakalls á Breiðafirði.